

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Seljahverfi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis. Í breytingunni felast nýjar stígtengingar á nokkrum stöðum í Seljahverfi við nýjan göngustíg sem liggar á sveitarfélagamörkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsþærjar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Blikastaðavegur 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 8. mars 2013, breytingu á deiliskipulagi að Blikastaðavegi 2-8. Breytingin felst í því að lóðin verði skilgreind sem verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði og afmarkaðir verða 3 nýir byggingareitir á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. júní 2013.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2013